

Sérdeild fyrir nemendur með einhverfu

Haustið 2004 tók til starfa sérdeild fyrir nemendur með einhverfu í Fellaskóla. Markmið deildarinnar er að veita nemendum einstaklingsmiðaða kennslu og styðja við nám þeirra í almennu skólastarfi.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 er markmiðið m.a. að nemendur fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar og fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Allir nemendur deildarinnar eru skráðir í almenna bekki og er stefnt að því að nemendur taki eins mikinn þátt í almennu skólastarfi og kostur er.

Deildin er ein af sex sérdeildum borgarinnar fyrir börn með einhverfu.

Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina og skal umsóknum skilað til skóla- og frístundasviðs fyrir 1.mars ár hvert en inntökuteymi á vegum sviðsins metur umsóknir og tekur ákvarðanir um inntöku.

Við deildina starfa þroskaþjálfar, kennarar og stuðningsfulltrúar. Deildinni er tvískipt, á unglingsstigi 7.-10. bekk eru 6 nemendur en á yngra stigi 1.-6.bekk eru 8 nemendur.

Nemendur fá einstaklingsmiðaða kennslu, þar sem unnið er samkvæmt einstaklingsnámskrám. Einstaklingsnámskrá er unnin af kennurum/þroskaþjálfum í samráði við foreldra hvers nemanda.

Aðalnámskrá grunnskóla ásamt almennri námskrá þess aldurshóps sem nemandi tilheyrir er höfð til hliðsjónar en auk þess er horft til getu og þarfa nemandans.

Fellaskóli starfar eftir hugmyndafræði leiðsagnarnáms, lögð er áhersla á teymiskennslu í skólanum. Í skólastarfi sérdeildar er að auki lögð áhersla á fyrirsjáanleika, sjónrænt skipulag og markmið kennslustunda. Gengið út frá því að flest börn með einhverfu skilji betur það sem þau sjá en það sem þau heyra. Þar er m.a. lögð áhersla skipulagt kennsluumhverfi og kennslu, fyrirsjáanleika og yfirsýn yfir væntingar með hjálp sjónræns stuðnings, sem hentar hverjum og einum.

Leitast er við að finna leiðir sem henta hverjum einstakling til að ná árangri bæði námslega og félagslega.

Nemendum í 1. og 2. bekk stendur til boða frístundastarf að lokinni kennslu í frístundaheimili Fellaskóla, nemendum í 3. og 4. bekk stendur til boða dvöl í frístundaheimilinu Hraunheimum. Nemendum í 5.-10.bekk stendur til boða frístundaúrræði fyrir börn með sérþarfir í Hellinum.